

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 5. maí, var haldinn 113. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir, Björn Gíslason, Hildur Oddsdóttir og Þráinn Árni Baldvinsson. Einnig voru viðstödd: Sólveig Revnisdóttir, Framkvæmdastjóri ÞÁG, Ólafur Ragnarsson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umsóknir í Forvarnarsjóð.
 1. **Heima er best** - menningarvika í Norðlingaholti.
Sótt er um 1.200.000.- Veittur verður 266.000.- styrkur í verkefnið.
 2. **EKKI MEIR** - fræðsla fyrir starfsfólk leikskóla í Árbær og Grafarholti.
Sótt er um 300.000.- fyrir Árbæ og Grafarholt. Veittur verður 200.000.- styrkur í samráði við hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals sem leggur fram 100.000.-.
2. Göngu/hjólastígur um Ártúnsholt.
Lagt fram bréf frá Umhverfis- og skipulagssviði, dagsett 5. maí er varðar samráðsfund með íbúum. Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir fór á fundin sem fulltrúi hverfisráðs. Umræður. Fyrirhugað er að fá kynningu frá Umhverfis- og skipulagssviði á næsta fundi hverfisráðs.
3. Önnur mál
Kosning í hverfisráð Árbæjar. Erindi frá skrifstofu borgarstjóra, dagsett 21. apríl 2015. Tilkynnt er að Hildur Hrönn Oddsdóttir tekur sæti Kristínar Þórhöllu Þórisdóttur sem aðalamaður í hverfisráði Árbæjar. Jafnframt tekur Kristín sæti Hildar sem varamaður. Næsti fundur hverfisráðs verður haldin í Lautinni, félagsaðstöðu Fylkis.

Fundi slitið kl. 17:08

Þorkell Heiðarsson

Hildur Oddsdóttir
Björn Gíslason

Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir
Þráinn Árni Baldvinsson